



Fundur háskólaráðs 28. júní 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 15.06.2007
Dags: 28.06.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

10/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 28. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Ragnar Skúlason (varamaður Ernu Kristínar Blöndal), Rúnar Vilhjálmsson, Þórdís Kristmundsdóttir og Þórir Hrafn Gunnarsson (varamaður Sigurrósar Eiðsdóttur). Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

Áður en gengið var til dagskrár greindi rektor frá því að Sigurrós Eiðsdóttir, sem var kjörin fulltrúi stúdentanna í háskólaráði til tveggja ára frá 1. júlí 2006, hefði ekki getað sinnt störfum í ráðinu eftir áramótin 2006/2007 og hefði Þórir Hrafn Gunnarsson, sem er fyrsti varamaður, setið fundi ráðsins í hennar stað síðan. Samkvæmt upplýsingum frá Stúdentaráði mun Sigurrós ekki koma aftur til starfa í háskólaráði og fellst háskólaráð á það fyrir sitt leyti að Þórir Hrafn Gunnarsson hafi tekið sæti Sigurrósar í háskólaráði frá 11. janúar 2007 að telja, til og með 30. júní 2008. Varamaður hans er Yngvi Eiríksson.

Þá færði rektor Arnfríði Guðmundsdóttur, fulltrúa hugvísindasviðs, sem setið hefur fundi háskólaráðs sem varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur frá miðjum desember 2006, kærar þakkir fyrir ánægjulegt og gott samstarf, en þetta var síðasti fundur Arnfríðar.

Loks greindi rektor frá því að ársfundur Háskóla Íslands 2006 verður haldinn í Hátíðasal í Aðalbyggingu 5. júlí nk. kl. 12.00.

1. Mál á dagskrá

1.1 Málefni jafnréttisnefndar, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir framlögðum drögum að erindisbréfi fyrir jafnréttisnefnd háskólaráðs og voru þau rædd ítarlega. Fulltrúi hugvísindasviðs lagði til að í fyrstu setningu kaflans um verkefni nefndarinnar bætist við orðin „ásamt því að vinna að jafnri stöðu kvenna og karla“. Fulltrúi þjóðlífs lagði til að í sama kafla verði þriðji undirliður orðaður svo: „Að fylgja því eftir að deildir, stofnanir og stjórnsýsla skili reglulega jafnréttisáætlunum“.

– Erindisbréf jafnréttisnefndar samþykkt einróma svo breytt.

1.2 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Skipun nefndar um inntöku nýnema og

aðgerðir gegn brottfalli úr námi.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Skýrði rektor m.a. frá því að skipan nefndarinnar kæmi í kjölfar nýútkominnar skýrslu Ríkisendurskoðunar, „Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu“ og væri liður í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011. Málið var rætt ítarlega og lýstu ráðsmenn mikilli ánægju með framlagt erindisbréf nefndarinnar. Rektor lagði til að nefndin verði skipuð þeim Róberti H. Haraldssyni, dósent við hugvísindadeild, sem verði formaður, Arnfríði Ólafsdóttur, deildarstjóra Námsráðgjafar, Friðriki H. Jónssyni, dósent við félagsvísindadeild og forstöðumanni Félagsvísindastofnunar, Gesti Guðmundssyni, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, Kristínu S. Færseth, skrifstofustjóra Nemendaskrár, Magnúsi D. Baldurssyni, gæðastjóra og skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, og Dagnýju Ósk Aradóttur, formanni Stúdentaráðs. Ákveðið var að Háskóli Íslands sendi frá sér fréttatilkygningu vegna skipunar nefndarinnar.

– Framlagt erindisbréf og nefndarskipun samþykkt einróma.

1.3 Hlutabréf Háskóla Íslands í Flugkerfum hf.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Fyrir fundinum lá bréf frá fjármálaráðuneytinu þar sem m.a. kemur fram að ef til þess kemur að Háskóli Íslands vilji selja hlut sinn í Flugkerfum hf. verði Ríkiskaupum falið að auglýsa hlutinn í samráði við menntamálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og háskólaráð.

1.4 Málafni Háskólaútgáfunnar, sbr. síðasta fund.

Inn á fundinn kom Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs og gerði ásamt rektor grein fyrir tillögum millifundanefndar háskólaráðs. Í nefndinni sátu, auk Sigurðar, þeir Rúnar Vilhjálmsson, fulltrúi Félags prófessora og Félags háskólakennara, og Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskólans. Málið var rætt ítarlega og svöruðu Sigurður, Rúnar og Magnús Diðrik framkomnum spurningum og athugasemdum.

– Samþykkt einróma.

1.5 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Árangursmælikvarðar vegna framkvæmdar stefnunnar.

Rektor kynnti málið og var það rætt ítarlega.

1.6 Fjárhagsstaða Háskóla Íslands 2007, yfirlit eftir fimm mánuði.

Sigurður J. Hafsteinsson gerði grein fyrir framlögðu yfirliti um rekstur og fjárhagsstöðu Háskóla Íslands eftir fyrstu fimm mánuði ársins 2007. Málið var rætt og svaraði Sigurður framkomnum spurningum og athugasemdum.

1.7 Eignfærsla Vísindagarða ehf. í bókhaldi Háskóla Íslands.

Sigurður J. Hafsteinsson gerði grein fyrir stöðu málsins og var það rætt.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum.

a. Tillaga frá hugvísindadeild að breytingu á 101. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 458/2000 um að bæta kínversku og kvikmyndafræði við upptalningu kennslugreina hugvísindadeildar.

– Samþykkt einróma.

2.2 Stjórnir, nefndir og ráð. Sjá meðfylgjandi yfirlit.

a. Kjör fulltrúa og varafulltrúa Háskóla Íslands í stjórn Félagsstofnunar

stúdentanna til næstu tveggja ára, sbr. síðasta fund.

– Samþykkt einróma að fulltrúi Háskóla Íslands í stjórn Félagsstofnunar stúdentanna til næstu tveggja ára verði Skúli Sv. Júlíusson, rekstrarstjóri fasteigna og að varamaður hans verði Guðmundur R. Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.

b. Kjör fulltrúa í stjórn Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

– Samþykkt einróma að Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor við raunvísindadeild, taki sæti í stjórn í stað Kristínar Ingólfssdóttur, rektors. Þar sem Háskóli Íslands er eini hluthafinn í félaginu telst fundur háskólaráðs jafnframt hluthafafundur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

c. Skipan stjórnar Háskólaútgáfunnar, sbr. síðasta fund (og dagskrárlið 1.4).

– Samþykkt einróma að stjórn Háskólaútgáfunnar til næstu þriggja ára verði skipuð þeim Ástráði Eysteinssyni, prófessor við hugvísindadeild, Kristínu Ástgeirsdóttur, forstöðumanni Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og Sigurði J. Hafsteinssyni, sviðsstjóra fjármálasviðs. Stjórnin skiptir með sér verkum.

d. Fjármálanefnd skipuð skv. erindisbréfi frá 22. maí 2001. Kjör fulltrúa hug- og raunvísindasviða og varamanna þeirra.

– Samþykkt einróma að fulltrúi hugvísindasviðs verði Valur Ingimundarson, prófessor við hugvísindadeild og varamaður verði Arnfríður Guðmundsdóttur, dósent við guðfræðideild. Fulltrúi raunvísindasviðs verður Hannes Jónsson, prófessor við raunvísindadeild og varamaður verður Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við verkfræðideild. Skipunartími þeirra er frá 1. júlí 2007 til 30. júní 2009.

e. Jafnréttisnefnd, skipuð skv. erindisbréfi frá 26. júní 2002. Kjör þriggja fulltrúa og tveggja til vara.

– Samþykkt einróma að framlengja umboð nefndarinnar um eitt ár, til 30. júní 2008, og að Arnfríður Guðmundsdóttir, dósent við guðfræðideild, komi inn í nefndina, í stað Hólmfríðar Garðarsdóttur, dósent við hugvísindadeild, sem hættir í nefndinni að eigin ósk. Brynhildur G. Flóvenz, lektor við lagadeild, verður nýr formaður jafnréttisnefndar.

f. Kennslumálanefnd skipuð skv. erindisbréfi frá 22. maí 2001. Kjör nefndarinnar, sex manns, þar af einn stúdent.

Málið var rætt.

– Frestað.

g. Vísindanefnd skipuð skv. erindisbréfi frá 22. maí 2001. Kjör nefndarinnar, sjö manns, þar af einn stúdent.

Málið var rætt.

– Frestað.

h. Hugverkanefnd skipuð skv. verklagi frá 26. júní 2002, með áorðnum breytingum. Kjör nefndarinnar, tveir frá Háskóla Íslands og einn frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

– Frestað.

i. Ráð um málefni fatlaðra skipað skv. 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 497/2002 um úrræði í námi. Ákvörðun um formann ráðsins uns nýr jafnréttisfulltrúi hefur verið ráðinn.

– Samþykkt einróma að Ásdís Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri guðfræðideildar, verði formaður ráðs um málefni fatlaðra þar til nýr jafnréttisfulltrúi hefur verið ráðinn.

j. Öryggisnefnd skipuð skv. 6. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Skipun nefndarinnar, fjórir fulltrúar.

– Frestað.

k. Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Stjórn stofnunarinnar, tólf manns.

– Samþykkt einróma að framlengja umboð stjórnar Endurmenntunarstofnunar

Háskóla Íslands til 30. júní 2008.

I. Listasafn Háskóla Íslands. Kjör þriggja manna stjórnar.

– Frestað.

m. Kjör tveggja fulltrúa og eins til vara í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, sbr. síðasta fund.

– Samþykkt einróma að Björg Thorarensen og Róbert R. Spanó, prófessorar við lagadeild, verði fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn Mannréttindastofnunar og að Pétur D. Leifsson, lektor við lagadeild, verði varamaður. Skipunin er til tveggja ára.

n. Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri, tilnefning fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn stofnunarinnar og eins til vara.

– Samþykkt einróma að Margrét Jónsdóttir, dósent í hugvísindadeild, verði fulltrúi Háskóla Íslands í stjórn Stofnunar Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri. Varamaður er Hjalti Hugason, prófessor við guðfræðideild. Skipunin er til þriggja ára.

2.3 Uppbygging safnafræðináms á meistarastigi – umsagnir kennslumálanefndar og fjármálanefndar, sbr. fund háskólaráðs 1. mars sl.

Rektor kynnti málið.

– Samþykkt einróma að fresta afgreiðslu málsins þar til yfirstandandi endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands er lokið.

2.4 Erindi fyrrum nemanda sem óskar eftir að lokaeinkunn frá því í júlí 1984 verði endurskoðuð.

Rektor gerði grein fyrir málinu sem var rætt. Fyrir fundinum lá minnisblað kennsluviðs um erindið.

– Efni minnisblaðsins samþykkt einróma, þ.e. að verða við lið a) en hafna liðum b) og c).

2.5 Erindisbréf nefndar um skipulag og framkvæmdir á lóð Háskóla Íslands, sbr. fund ráðsins 3. maí sl.

Rektor kynnti málið og var það rætt.

– Samþykkt einróma.

2.6 Gjaldtaka á bílastæðum við Háskóla Íslands. Tilraunaverkefni og samstarf við Reykjavíkurborg, sbr. síðasta fund.

Inn á fundinn kom Guðmundur R. Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs, og gerði grein fyrir málinu sem var rætt ítarlega. – Samþykkt að ráðast á hausti komanda í tímabundið tilraunaverkefni sem felst í því að bjóða stúdentum ókeypis í strætó og taka samtímis upp gjaldskyldu á bílastæðum í Skeifunni við Aðalbyggingu. Gjaldskyldan standi jafn lengi og stúdentum bjóðist að ferðast ókeypis í strætó. Fulltrúar stúdenta greiddu atkvæði á móti.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Sjóðir og gjafir í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands. Reikningsskil ársins 2006.

3.2 Skýrsla Ríkisendurskoðunar um kostnað, skilvirkni og gæði háskólakennslu, júní 2007.

3.3 Úthlutun styrkja árið 2007 úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands vegna rannsóknatengds framhaldsnáms.

- 3.4 Árbók Háskóla Íslands 2006 og Ritaskrá Háskólans 2006.**
- 3.5 The power to think – The University of Iceland 2007-2008, bæklingur útg. í maí 2007.**
- 3.6 Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2007.**
- 3.7 Ávarp rektors við brautskráningu kandídata 16. júní sl.**

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 15.40.